

1872, 21. gr., eða að hún verði úr gildi feld með dómsúrskurði. Fyrir því verðnr að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgjörð. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða hinum stefnda málskostnað, hvorum um sig með 20 kr. Eigi er ástæða til þess að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa málsýfingu eftir kröfu hins stefnda sýslumanns.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð skal vera óröskuð. Áfrýjanda Albert Ágúst Eyvindssyni ber að greiða hinum stefndu, hreppstjóra og hreppsnefndaroddvita Einari Jónssyni og sýslumanni Magnúsi Torfasyni, málskostnað, 20 kr. hvorum þeirra, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. septembermánaðar.

Nr. 10/1904:

Sigurður Þórðarson

gegn

Sveinbirni Stefánssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði stefndi trésmiður Sveinbjörn Stefánsson í Reykjavík fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum, tómthúsmanni Sigurði Þórðarsyni sama staðar, og krafðist 500 króna skaðabóta hjá

honum fyrir tjón, er hann þóttist hafa beðið við drátt af hendi áfrýjanda á því að losa úr veðbandi húslóð, er áfrýjandi hafði selt honum. Áfrýjandi höfðaði aftur af sinni hálfu gagnsök fyrir bæjarþingsréttinum og krafðist borgunar hjá stefnda á eftirstöðvum af lóðarverðinu, sem ógreiddar voru, kr. 17,50, að frádregnum 10 kr., er hann samþykkti að telja mætti frá fyrir kostnað við að fá lóðina leysta úr veðbandi. Málið var dæmt á bæjarþinginu 25. febr. þ. á. þannig, að áfrýjandi var alsýknaður af kröfu stefnda í aðalmálinu, en í gagnsökinni var dæmt svo, að stefndi skyldi greiða áfrýjanda hinar unkröfðu 7 kr. 50 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, gegn því að áfrýjandi leysti úr veðbandi 20 □ álnir af hinni seldu lóð

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 11. maí þ. á., og hefir hann krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að honum verði skilyrðislaust dæmdar fyrgreindar 7 kr. 50 a. með vöxtum, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfir- og undirrétti, 40 kr. eða einhverja nægilega upphæð. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að málinu verði að öllu eða nokkru leyti vísað frá yfirdómi, en til vara, að dómurinn verði staðfestur. Svo krefst hann og þess, að áfrýjandi verði dæmdur í hæfilega sekt fyrir óþarfa áfrýjun, og, hvernig sem málið fer, í málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Fyrir bæjarþingsréttinum var það viðurkennt af stefnda hálfu, að hin selda lóð hefði þegar, áður en

mál þetta var höfðað, að öllu leyti verið laus orðin úr veðbandi, einnig þær 20 álnir, er bæjarþingsdómurinn áskilur, að áfryjandinn losi áður en hann geti krafist þeirra 7 kr. 50 a., er dómurinn hljóðar um. Það var því eigi rétt, er bæjarþingsdómurinn setti það sem skilyrði fyrir skyldu stefnda til að greiða þessar 7 kr. 50 a., að áfryjandi losaði ummræddar 20 álnir lóðarinnar úr veðbandi. En stefndi heldur því fram, að krafa áfryjanda um breyting á dóminum í þessu tilliti sé óþörf og ástæðulaus, og eigi að vísa henni frá yfirdómi, með því að stefndi hafi verið viðbúinn og fús að borga skilyrðislaust hina ídæmdu upphæð, enda hefði áfryjanda verið innan handar að fá dóminum fullnægt með aðför, með því að eins að leggja fram af sinni hálfu sönnunargögn fyrir því, að lóðin væri þegar leyst úr veðbandi. Þetta er þó eigi rétt álitid af stefnda. Áfryjandi átti heimting á lóðarandvirðiseftirstöðvunum án frekara ómaks við að útvega sannanir fyrir því, sem viðurkent var að orðið var, því, að lóðin var laus úr veðbandi, og þótt stefndi fyrir yfirdóminum tjáist hafa verið reiðubúinn til að borga eftirstöðvarnar skilyrðislaust, þá benda atvik málsins á hið gagnstæða, þar sem áfryjandi hafði látið birta stefnda undirréttardóminn og aðfararfresturinn leið svo, að stefndi bauð eigi fram borgun samkvæmt dóminum.

Það var þannig réttmæt ástæða fyrir áfryjanda til að krefjast breytingar á bæjarþingsdóminum að því er ákvæðið um losun umgetinna 20 álna úr veðbandi áhrærir, og ber að taka þá kröfu hans til greina. Eftir þessum málavöxtum þykir og rétt að dæma

stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Sveinbjörn Stefánsson greiði áfrýjandanum Sigurði Þórðarsyni 7 kr. 50 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 27. nóv. f. á. til borgunardags. Svo greiði hann og áfrýjanda í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi 25 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. októbermánaðar.

Nr. 4/1904:

Einar prestur Thorlacius

gegn

Ófeigi presti Vigfússyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði áfrýjandinn Einar prestur Thorlacius í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd gegn stefnda Ófeigi presti Vigfússyni á Fellsmúla til endurgreiðslu á 339 kr., er hann taldi sig hafa ofgreitt stefnda upp í álag á íverubús á prestssetrinu Fellsmúla í Landpresta-kalli, er hann skilaði því við burtför sína úr brauðinu til eftirmanns síns, hins stefnda. Málið var dæmt í gestarétti Rangárvallasýslu 10. okt. f. á. á þá leið, að